



## Fundargerð

149.fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, þriðjudaginn 27. apríl kl. 16.30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Bjarni Sæmundsson, Jón Haukur Hafsteinsson.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

\* \* \*

### 1. Viðhaldsáætlanir knattspyrnusvæða sumarið 2021 (2021040105)

Viðhaldsáætlanir knattspyrnudeilda UMFN og Keflavíkur lagðar fram og samþykktar.

### 2. Sundráð ÍRB - kynning á starfsemi (2020010206)

Hanna Björg Konráðsdóttir, Ómar Jóhannsson og Sigurrós Antonsdóttir kynntu starfsemi Sundráðs ÍRB. Í kynningunni kom fram sú tekjuskerðing sem Sundráðið hefur orðið fyrir á undanförunum árum.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu og felur íþróttá- og tómstundafulltrúa að vinna að lausnum til að bæta ráðinu upp tekjuskerðinguna.

### 3. Lengri opnunartími í sund (2021030215)

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar hefur að undanförunu fengið fjölmargar áskoranir um að lengja opnunartímann í Sundmiðstöð Reykjanesbæjar. Á síðasta fundi ungmennaráðs Reykjanesbæjar vöktu þau einnig athygli á opnunartímanum.

Það gleður þ.a.l. íþróttá- og tómstundaráð að tilkynna aukinn opnunartíma frá og með 1. maí nk. að opnunartíminn verður frá 06:30 – 21:30 virka daga og frá 09:00 – 18:00 um helgar. Sami opnunartími verður á veturna sem þýðir lengri opnun um eina klukkustund virka daga og hálf tíma um helgar.

Að auki er Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja falið að kanna hver kostnaðurinn myndi vera að auka opnunartímann enn frekar, þannig að hann samræmist opnunartíma hjá sambærilegum sveitarfélögum. Hafsteini er falið að skila tillögum þess efnis til íþróttá- og tómstundaráðs sem fyrst.



#### 4. Samþætting skólastarfs við íþróttá- og tómstundastarf (2020010077)

Frístundaakstur hefst þann 9. ágúst fyrir börn sem taka þátt í starfi frístundaheimila í Reykjanesbæ. Verkefnið verður auglýst er nær dregur. Íþróttá- og tómstundahreyfingin er vinsamlega beðin um að reyna skipuleggja starfsemi fyrir nemendur í 1. - 4. bekk þannig að þau ljúki sinni þátttöku á vinnutíma foreldra.

#### 5. Beiðni GS um hækkun á samningi um rekstur á þúttvöllum Reykjanesbæjar (2021010212)

Erindi lagt fram. Ráðið tekur undir að samningurinn hafi ekki hækkað í takt við verðlagshækkanir undanfarinna ára.

Erindinu vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022.

#### 6. Sumar í Reykjanesbæ 2021 (2021010031)

Sumar í Reykjanesbæ 2021. Íþróttá- og tómstundaráð hvetur þau sem ætla að bjóða upp á sumarnámskeið eða önnur tómstundatilboð að skila inn efni og mynd sem allra fyrst á netfangið [hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is](mailto:hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is). Upplýsingarnar munu svo birtast á vefsíðunni [fristundir.is](http://fristundir.is)

#### 7. Borðtennisfélag Reykjanesbæjar (2021040093)

Erindi frá Borðtennisfélagi Reykjanesbæjar um afnot af gömlu slökkvistöðinni undir starfsemi félagsins. Hugmyndin er að félagið fái afnot af hluta af húsnæðinu tímabundið uns varanleg lausn finnst. Málið var á dagskrá á 1316. fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar sem fór fram 21. apríl sl. Bæjarráð vísaði málinu til frekari skoðunar íþróttá- og tómstundaráðs.

Íþróttá- og tómstundaráð leggur til að Borðtennisfélag Reykjanesbæjar fái tímabundið leyfi til að nýta aðstöðuna uns ákveðið verði hvað Reykjanesbær ætli að gera við húsnæðið til framtíðar litið.

Ráðið er hins vegar ekki með fjárheimildir til að ráðast í verkefnið en vonast til að bæjarráð geti sett fjármagn í verkefnið svo að það geti orðið að veruleika.

#### 8. Vélhjólaiþróttafélag Reykjaness (2020110363)

Júlíus Ævarsson og Kristinn Kristinsson frá Vélhjólaiþróttafélagi Reykjaness kynntu starfsemi félagsins og beiðni um að gerður verði samningur við Vélhjólaiþróttafélagið.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu og vísar hugmyndum um samningagerð til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022.

#### 9. Beiðni um frítt í sund fyrir atvinnuleitendur (2021030215)

Erindi frá íbúa í Reykjanesbæ þar sem ráðið er hvatt til að veita atvinnuleitendum frítt í sund tímabundið.

Erindið var á dagskrá 148. fundar ÍT sem fór fram 9. mars sl.

ÍT ráð tók undir erindið og fól íþróttá- og tómstundafulltrúa að skoða málið nánar.



Mjög misjafnt er milli bæjarfélaga hvort boðið sé upp á frítt í sund fyrir atvinnuleitendur. Færa má veigamikil rök fyrir því í ljósi heimsfaraldurs og mikils atvinnuleysis á svæðinu að æskilegt sé að bjóða atvinnuleitendum í Reykjanesbæ frítt í sund tímabilið.

Tímabilið sem að íþrótt- og tómstundaráð leggur leggur til er 15. maí til 1. ágúst 2021, svo fremi sem samkomutakmarkanir hindri ekki framkvæmdina. Áætlaður kostnaður er 250.000 kr. og rúmast innan fjárheimilda íþrótt- og tómstundaráðs.

Um verður að ræða samstarf við Vinnumálastofnun og hefur íþrótt- og tómstundafulltrúi átt fund með forstöðumanni stofnunarinnar. Atvinnuleitendur munu geta nálgast staðfestingarblað þar og framvísað í vatnaveröld og þurfa að greiða 1.000 kr. og fá frítt frá 15. maí til 1. ágúst nk.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30